

Fjölskylduvinna og foreldrastuðningur í vinnu með börnum.

Guðlaug M. Júlíusdóttir
Félagsráðgjafi
Verkefnastjóri félagsráðgjafar
á BUGL og Barnaspítala Hringins



Áhrif veikinda barns á daglegt líf

- ▶ Meðferðaráætlun vegna veikinda barns byggir að miklu leiti á getu foreldra til að styðja við og á vissan hátt sjá um meðferðina:
- ▶ Gefa lyfin, oft kvölds og morgna,
- ▶ Mæta í skoðun/viðtöl,
- ▶ Fylgja eftir fyrirmælum fagfólksins,
- ▶ Ræða við skóla um sérþarfir barns á meðan á veikindum stendur,
- ▶ Sinna sérþörfum barnsins á heimilinu,
- ▶ Styðja við systkini, meðlimi í stórfjölskyldu,
- ▶ Muna eftir endurnýjun á lyfjum, biðja um vottorð, fylgja eftir úrræðum sem rætt var um,
- ▶ Stunda vinnu og færa björg í bú.....

Áhrif veikinda barns á foreldra þess

- ▶ Barn með geðræna erfiðleika sem hafa verið langvarandi hefur nánast alltaf neikvæð áhrif á líðan foreldra sinna.
- ▶ Fer eftir hvað amar að hvers kyns áhrifin eru.
- ▶ Ef barn er með miklar tilfinningasveiflur sveiflast foreldrar með og öfugt.
- ▶ Ef barn er langvarandi dapurt eru foreldrar einnig daprir.
- ▶ Eðlilegt en um leið slítandi, erfitt, niðurbriótandi.
- ▶ Langvarandi álag hefur þessi áhrif.



Áhrif veikinda barns á systkini



Áhrif veikinda barns á systkini

- ▶ **Veikindi barns í fjölskyldu hefur einnig áhrif á systkini þess. Það getur verið að upplifa:**
 - ▶ **Sorg:** Vegna þess að þau sakna forelda sinna og veika systkinisins
 - ▶ **Einmanaleika og/eða höfnun:** Þegar systkinin eyða meiri tíma en vanalega frá foreldrum. Þau geta upplifað sig vera útundan og fundist þau ekki fá upplýsingar um hvað sé að gerast.
 - ▶ **Áhyggjur eða ótta:** Þau geta haft áhyggjur af foreldrum sínum eða verið hrædd um það sem er að koma fyrir veika systkini sitt. Þau geta jafnvel haldið að allt sé að breytast og verði aldrei aftur eins. Stundum halda þau að þau eigi einnig eftir að verða veik eða hafa áhyggjur af því að foreldrar gætu veikst.
- ▶ **Sektarkennd:** Stundum geta systkini haldið að veikindin séu þeim að kenna, að þau hafi valdið veikindunum vegna þess að þau gerðu eitthvað ljótt eða höfðu ljótar hugsanir. Þau geta einnig haft sektarkennd yfir því að þau eru heilbrigð og geta gert hluti sem veika systkinið getur ekki.
- ▶ **Afbrýðisemi og reiði:** Systkini geta stundum upplifað afbrýðisemi eða reiði vegna athyglinnar sem veika systkinið fær. Geta sýnt reiði sína með því að hlýða ekki fyrir mælum, rífast og slást við aðra. Þau geta sjálf farið að kvarta undan veikindum til að fá athygli.
- ▶ **Óöryggi:** Systkini geta verið óörugg vegna þess að þau vita ekki hvað er að gerast eða hvað gerist næst.

Áhrif veikinda barns á systkini

- ▶ Talið saman sem fjölskylda um hvað er að gerast með veika barnið og hvers vegna barnið er veikt. Útskýrið á einfaldan og skýran hátt út frá þroska barnsins sem verið að tala við.
- ▶ Ekki bíða of lengi með að eiga þetta samtali, því börn eru næm á tilfinningar foreldra sinna og vita að eitthvað er að oft löngu áður en rætt er um það.
- ▶ Segið systkini veika barnsins að það sé mikilvægt að spyrja spurninga og að þið munir reyna að svara þeim eða fá svarið frá meðferðaraðilanum.
- ▶ Hvetjið systkini veika barnsins til að ræða tilfinningar sínar. Látið þau vita að það er í lagi að gráta, vera reiður, vera ánægður eða finna fyrir alls konar tilfinningum.
- ▶ Reynið að halda daglegri reglu eins og hægt er. Látið systkinið fara í skólann/leikskólann og reynið að halda reglunni einnig á heimilinu, matartímum og háttatíma til dæmis.
- ▶ Gefið börnunum ykkar sem ekki eru veik eins mikla athygli og gæðastundir og hægt er.

Til hvers fjölskylduvinna?

- ▶ Til að byggja upp innri styrkleika fjölskyldunnar til að gera hana hæfari til að takast á við erfiðleika einstaklinga innan hennar.
- ▶ Gott að vera með stuðningsviðtöl við foreldra þar sem farið er yfir daglegt líf, áhrif einkenna á líðan foreldra, hvernig hefur reynst best að takast á við einkennin, hvað hefur gengið vel og hvað ekki.
- ▶ Einnig fela þessi viðtöl í sér upplýsingar á vanda barnsins, t.d.hvað eru einkenni og hvað ekki.
- ▶ Stundum duga regluleg stuðningsviðtöl til að foreldrar upplifi sig sterkari og betur í stakk búin til að takast á við vanda barnsins.

Foreldrastuðningur

- ▶ Við göngum út frá því að foreldrar eru alltaf að reyna sitt besta.
- ▶ Stundum er þeirra besta ekki nóg til að mæta þörfum barnsins.
- ▶ Mikilvægt að mæta foreldrum þar sem þeir eru staddir.
- ▶ Greiningin er oft minnsti hlutinn í vinnu mála á BUGL, meðferð á barni og stuðningur við foreldra og umhverfi yfirleitt stærsti hlutinn.
- ▶ Greining oft byrjunarpunktur útfrá nálgun á vanda og meðferð, hefur meðferðarlegt gildi.

Foreldrastuðningur

- ▶ Þegar málin koma á BUGL bíður yfirleitt vinna yfir langan tíma.
- ▶ Erfiðast fyrir foreldra þegar engin greining finnst.
- ▶ Einnig erfitt þegar ekkert ákveðið meðferðartilboð nýtist barninu.
- ▶ Þá felst meðferð oft í þéttum foreldrastuðningi yfir tíma ásamt sífelldu endurmati.
- ▶ Krefst langlundargeðs og úthalds af allra hálfu.

Foreldrastuðningur

- ▶ Mikið álag á foreldra þegar barn er með einkenni sem truflar umhverfið.
- ▶ Krónískur hægðavandi.
- ▶ Árátukennd klámfengin hegðun,
- ▶ Skapofsaköst með ofbeldi.
- ▶ Munnsöfnuður með ljótustu orðum sem til eru, beinist gegn þeirra nánustu.
- ▶ Eyðileggingarhegðun með lítilli eftirsjá.
- ▶ Þessum börnum er vísað úr þjónustu ítrekað, lögbundinni sem annarri.
- ▶ Ekki í boði að gefast upp á barninu sínu.

Fjölskylduvinna vs. fjölskyldumeðferð

- ▶ Ef langvarandi erfiðleikar í samskiptum og miklir árekstrar lita heimilislíf er mikilvægt að byrja sem fyrst með fjölskyldumeðferð.
- ▶ Varð til í umræðum um það hvernig skyldi hjálpa foreldrum að fást við “erfið” eða “skrítin” börn.
- ▶ Í byrjun var áherslan á að foreldrar bæru ábyrgð á geðrænum erfiðleikum barna sinna og einnig á að finna lausn við þeim.
- ▶ Í dag er leitast við að börnin fái athygli og að hlustað sé á hvaða augum þau líti vanda sinn og hvaða hugmyndir þau hafa um lausnir.
- ▶ Þannig koma börnin með hugmyndir sem geta raskað ró eða ýtt við foreldrum og um leið krefjast þær að málin verði hugsuð upp á nýtt.

Hrefna Ólafsdóttir (2006). Börn og geðræn vandkvæði í Heilbrigði og heildarsýn. Sigrún Júlíusdóttir og Halldór S. Guðmundsson ritst. Háskólaútgáfan og RBF.

Að lokum

- ▶ Það má aldrei gleyma fjölskylduvinnunni þegar unnið er með veik börn.
- ▶ Foreldrar eru nánast án undantekninga aðal stuðningsaðili barnsins og það þarf að sinna þeim einnig.
- ▶ Það á við um alla aðila sem koma að í málum barna með erfiðleika, skólakerfi, félagsþjónustu, barnavernd, Landspítala.
- ▶ Þrátt fyrir að þetta sé flestum ljóst er þetta vísa sem verður ekki of oft kveðin.

Takk fyrir!

